

Próunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

Lokaskýrsla verkefnis 2023-2024 ÞSJG-2312

Stafræn tækni og textílmennt- frá hugmynd til afurðar áframhald

Markmið /verkefnið í hnotskurn:

Verkefnið er framhald af öðru verkefni, Stafræn tækni og textílmennt, frá hugmynd til afurðar sem unnið var skólaárið 2022 til 2023.

Markmið verkefnisins var að halda áfram með þann grunn sem lagður var með fyrra verkefni þ.e.a.s. að þróa áfram samþættingu stafrænnar tækni og textílmenntar. Kennsluvefurinn [cricut.gbrskoli.is](#) hefur nýst vel í kennslu með nemendum og hafa þeir orðið sjálfstæðari í vinnubrögðum. Til þess að auka sjálfstæði þeirra enn frekar þá var bætt við gagnlegum myndböndum sem nemendur hafa nýtt sér við nám. Kennarar geta nýtt vefinn og kennslumyndböndin hyggist þeir nota Cricut í kennslu.

Lýsing á framgangi verkefnisins:

Áfram var unnið með svipaða kennsluáætlun og áður í 7. bekk og hún uppfærð. Kennslumyndböndum var bætt við eftir þörfum og nýttu nemendur myndböndin í kennslustundum. Cricut var nýtt á öllu miðstiginu 5.-7. bekk í mismunandi verkefnum.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Verkefnið hefur gengið nokkuð vel. Kennslan fór vel af stað eftir að hlé varð þegar mygla kom upp í skólanum og loka þurfti textílstofunni og endurnýja í kjölfarið allt efni. Gerð kennslumyndbanda er tímafrek en við hafa bæst nokkur gagnleg myndbönd sem gerir kennurum kleift að nýta vendikennslu, þ.e. láta nemendur horfa á myndböndin til að læra á Cricut og Design Space hugbúnaðinn. Þannig eru nemndur sjálfstæðari og kennarinn getur sinnt sem þurfa aðstoð betur.

Mat á verkefninu (afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf, óvæntar hliðarverkanir, vonbrigði o.s.frv.):

Verkefnið hefur gengið mjög vel. Ekki hafa komið upp margar hindranir. Nemendur hafa verið áhugasamir og stoltir af eigin afurðum og verkefnum. Upphaflega var aðal áhersla á 7. bekk en fleiri árgangar hafa bæst við og hefur verið stuðst við svipaða kennsluáætlun. Nemendur hafa sýnt aukinn áhuga á greininni og er eftirtektarvert að drengir hafa verið sérstaklega jákvæðir.

Ávinningur fyrir skólastarf er virkari, ánægðari og sjálfstæðari nemendur. Kennarinn getur nýtt tíma sinn betur og kemst yfir að sinna fleiri nemendum í kennslustundinni. Nemendur hafa einnig lært að gefa gömlum textíl nýtt líf og læra með því að meta notagildi þ.e. að gefa gömlu textíl nýtt líf og hafa þannig áhrif á umhverfi sitt.

Kynningar á verkefninu:

Vefurinn er aðgengilegur öllum og þar er hægt að kynna sér verkefnið ítarlega **Vefslóð** :

<http://cricut.gbrskoli.is>

Heildarupphæð styrks:

Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
4. september 2024	Uppfærsla á vef og gerð kennslumyndbanda	420.000 kr.

20. sept. *Kristel Jónsdóttir*

dags. nafn verkefnisstjóra

20. sept 2024 *Steflís Þ. Vindur*

dags. nafn skólastjóra ábyrgðarskóla


HÓFSTADASKÓLI
GARÐABÆ